

# Líftrygging

Skilmáli nr. L-9

## Hugtaka- og orðaskilgreiningar:

**Félagið:** Sá sem með samningi skuldbindur sig til að veita váttryggingu, hér Vörður líftryggingar hf.

**Váttryggingartaki:** Sá sem gerir einstaklingsbundinn samning við félagið.

**Váttryggður:** Sá einstaklingur sem váttryggingin tekur til.

**Váttryggingaratburður:** Atvik sem samkvæmt váttryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta getur komið.

**Váttryggingarskírteini:** Staðfesting félagsins á því að váttryggingarsamningur hafi verið gerður.

**Aldurstengt iðgjald:** Iðgjald tryggingarinnar er óháð kyni og er reiknað af váttryggingarfjárhæð og hækkar þannig á hverju ári í samræmi við aldur váttryggðs.

**Rétthafi:** Sá sem váttryggingartaki tilgreinir í váttryggingarsamningi og á rétt til þess að fá váttryggingarfjárhæðina greidda eftir að váttryggingaratburður hefur orðið.

**Aðalgjalddagi:** Aðalgjalddagi váttryggingarinnar er einu sinni á ári og er fyrsti dagur þess mánaðar sem váttryggingin tók upphaflega gildi í, nema um annað sé samið.

**Fjármálaeftirlitið:** Er opinber eftirlitsaðili sem hefur eftirlit með starfsemi váttryggingafélaga hér á landi, skv. lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

## 1. gr. Inngangur

Váttrygging þessi er dánaráhættutrygging. Grundvöllur váttryggingarsamningsins er skilmálar þessir, upplýsingar á váttryggingarbeiðni, gildandi verklagsreglur á hverjum tíma um áhættumat í persónutryggingum og önnur gögn sem tengjast samningnum bæði við upprunalega gerð hans og síðar.

Ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 gilda um váttrygginguna að svo miklu leyti sem ekki er vikið frá þeim í skilmálum þessum.

## 2. gr. Um gildistöku váttryggingarinnar og gildistíma

2.1 Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

2.2 Ábyrgð félagsins hefst á útgáfudegi, þegar það hefur mótttekið og samþykkt undirritaða váttryggingarbeiðni með nauðsynlegum fylgigögnum samkvæmt reglum félagsins, nema um annað sé samið.

2.3 Váttryggingin gildir frá útgáfudegi, sem tilgreindur er í váttryggingarskírteini, og til þess tíma sem tiltekinn er í váttryggingarskírteini, þó ekki lengur en til 75 ára aldurs váttryggðs. Félagið váttryggir ekki einstaklinga yngri en 18 ára (sbr. þó gr. 9).

2.4 Váttryggingartaki hefur 30 daga frest (iðrunarfrest) til að segja váttryggingunni upp frá þeim tíma er honum barst tilkynning frá félaginu um gildistöku samningsins.

## 3. gr. Verklagsreglur um áhættumat

Félagið fylgir ákveðnum verklagsreglum við áhættumat persónutrygginga bæði eigin reglum og ítarlegum reglum endurtryggjanda á hverjum tíma.

## 4. gr. Svik og rangar upplýsingar

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður vanrækt upplýsingaskyldu sína, sviksamlega eða með þeim hætti sem ekki telst óverulegur, hvað varðar atvik sem hafa þýðingu við mat félagsins á áhættunni, getur það haft í för með sér að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta, uppsögn samningsins eða hækkun iðgjalds, sbr. XIII. kafla laga nr. 30/2004.

## 5. gr. Greiðsla iðgjalds

5.1 Fyrsta iðgjald fyrir váttrygginguna fellur í gjalddaga við gildistöku váttryggingarinnar, sbr. gr. 2.2 og 2.3. Endurnýjunariðgjald fellur í gjalddaga á endurnýjunardegi váttryggingarinnar.

5.2 Iðgjöld skulu greidd á gjalddaga. Greiðslufrestur er minnst 30 dagar frá því að félagið sendir kröfu um greiðslu iðgjalds. Félaginu er heimilt að segja upp váttryggingarsamningi með skriflegri tilkynningu ef iðgjald hefur ekki verið greitt 30 dögum eftir gjalddaga. Í því tilviki skal váttryggingartaki hafa fjórtán sólarhringa frest til þess að greiða ógreitt iðgjald, að öðrum kosti fellur tryggingin úr gildi, sbr. 96. laga nr. 30/2004.

- 5.3 Ef iðgjald er ekki greitt á gjalddaga, skal váttryggingartaki greiða dráttarvexti á iðgjaldi í vanskilum og allan vanskilakostnað sem af vanefndum hans hljóttast, þ.m.t. kostnað vegna vanefndatilkynninga og lögfræðinnheimtu.
- 5.4 Hafi ábyrgð félagsins samkvæmt váttryggingarsamningnum fallið niður vegna vangoldinna iðgjalda en iðgjald hefur verið greitt fyrir eitt ár hið skemmsta, getur váttryggingartaki endurvakið váttrygginguna á grundvelli 97. gr. laga nr. 30/2004.

#### **6. gr. Váttryggingin bætir**

Váttryggingin greiðir

- Dánarbætur.
- Bætur vegna sjúkdóms á lokastigi.
- Dánarbætur barna.

#### **7. gr. Dánarbætur**

Félagið greiðir réttthafa bætur ef váttryggður deyr á gildistíma váttryggingarinnar.

#### **8. gr. Bætur vegna sjúkdóms á lokastigi**

Váttryggður getur óskað eftir greiðslu sem er ígildi líftryggingar ef hann greinist með sjúkdóm á lokastigi til 65 ára aldurs.

Bætur greiðast váttryggðum ef váttryggður greinist með sjúkdóm sem talinn er vera á lokastigi fyrir lok gildistíma tryggingar. Miðað er við að lífslíkur viðkomandi einstaklings séu þá taldar vera innan við sex mánuðir. Við ákvörðun hvort viðkomandi telst uppfylla slík skilyrði er stuðst við álit sérfræðilæknis váttryggðs, álit sérfræðilæknis félagsins og leitað sambærilegra dæma um lífslíkur þeirra sem greinst hafa með svipað stig sama sjúkdóms. Bætur vegna þessa bóталиðar er sú váttryggingarfjárhæð sem fram kemur á skírteini eða endurnýjunarkvittun og eru ætíð þær sömu og líftryggingarfjárhæðin. Bætur eru aðeins greiddar einu sinni og við greiðslu fellur líftryggingin úr gildi.

#### **9. gr. Dánarbætur barna**

- 9.1 Ef lifandi fætt barn váttryggðs andast á váttryggingartímanum greiðir félagið dánarbætur kr. 600.000,- .
- 9.2 Bætur skv. grein þessari greiðast til kynforeldra barnsins. Sé barn ættleitt greiðast bætur til kjörforeldris/-foreldra og um leið fellur niður réttur kynforeldris/-foreldra ef lagatengsl þess við barnið hafa fallið niður samkvæmt 25. gr. laga nr. 130/1999 um ættleiðingu.
- 9.3 Greiðsla bóta skv. þessari grein miðast við barn 18 ára og yngra og hefur ekki áhrif á líftryggingu váttryggðs.

#### **10. gr. Heimild váttryggingartaka til uppsagnar váttryggingunni**

- 10.1 Váttryggður getur sagt váttryggingunni upp hvenær sem er á váttryggingartímanum. Váttryggingunni skal sagt upp skriflega.
- 10.2 Váttryggingartaki skal greiða iðgjald fyrir það tímabil sem félagið er í ábyrgð samkvæmt váttryggingunni.

#### **11. gr. Réttur til hækkunar á váttryggingarfjárhæð án yfirlýsingar um heilsufar**

- 11.1 Váttryggður getur óskað eftir hækkun á váttryggingarfjárhæð án frekari upplýsinga um heilsufar sitt. Skrifleg beiðni um hækkun og nauðsynleg gögn þurfa að berast félaginu innan sex mánaða frá því að eftirfarandi á sér stað:
- Váttryggður eignast barn.
  - Váttryggður ættleiðir barn.
  - Váttryggður kaupir íbúðarhúsnæði.
- 11.2 Váttryggingarfjárhæðin getur að hámarki hækkað um 25% eða að hámarki kr. 3.500.000,- og skilyrði að heildarváttryggingarfjárhæð fari ekki yfir kr. 20.000.000,-. Umrædd hækkun hefur sama gildistíma og sú váttrygging sem verið er að hækka.
- 11.3 Aðeins er hægt að hækka váttryggingarfjárhæð einu sinni vegna íbúðarverka.
- 11.4 Réttur til hækkunar fellur niður frá og með 45 ára afmælisdegi váttryggðs.

## 12. gr. Bótageiðslur samkvæmt váttryggingarsamningnum

- 12.1 Við andlát váttryggðs greiðir félagið réttthafa þá váttryggingarfjárhæð sem í gildi er á andlátsdegi samkvæmt váttryggingarskírteini, bréfi um endurnýjun og skilmálum þessum.
- 12.2 Krafa um bætur eða váttryggingarfjárhæð fellur í gjalddaga 14 dögum eftir að fullnægjandi sannanir hafa borist fyrir bótaskyldu félagsins og unnt er að ákveða fjárhæð bótanna. Félagið áskilur sér rétt til þess að afla nauðsynlegra og fullnægjandi gagna áður en bætur eru ákveðnar og greiddar.

## 13. gr. Réttthafi váttryggingarfjárhæðar

Hafi váttryggingartaki ekki tilnefnt réttthafa váttryggingarfjárhæðar gilda ákvæði XV. kafla laga nr. 30/2004.

## 14. gr. Takmarkanir á ábyrgð félagsins

Svipti hinn váttryggði sig lífi innan árs frá því að váttryggingin öðlaðist gildi, er félagið laust úr ábyrgð.

## 15. gr. Váttryggingarfjárhæð, iðgjald og verðtrygging

- 15.1 Fyrsta iðgjald fyrir váttryggingu þessa er reiknað samkvæmt gildandi iðgjaldaskrá félagsins, miðað við váttryggingarfjárhæð og aldur hins váttryggða við gildistöku váttryggingarinnar, sé eigi annars getið í váttryggingarskilmálum.
- 15.2 Við endurnýjun skírteinis hækkar váttryggingarfjárhæðin og ársiðgjaldið í samræmi við breytingu á vísitölu frá grunnvísitölu samningsins, sem skráð er á skírteinið, til vísitölunnar í næsta mánuði á undan endurnýjuninni. Lækkun vísitölunnar hefur ekki áhrif til lækkunar á váttryggingarfjárhæð né ársiðgjaldi. Iðgjald tryggingarinnar er óháð kyni, er reiknað af váttryggingarfjárhæð og breytist á hverju ári í samræmi við aldurváttryggðs.
- 15.3 Fram til 55 ára aldurs hækkar iðgjald á aðalgjalddaga í samræmi við aldur váttryggðs. Frá og með 56 ára aldri tekur iðgjaldið vísitölbreytingum ár hvert og váttryggingarfjárhæðin lækkar í samræmi við hækkanði aldur váttryggðs.
- 15.4 Félagið áskilur sér rétt til að ákvarða endurnýjunariðgjald samkvæmt nýrri iðgjaldaskrá með hliðsjón af almennri áhættubreytingu, breytingu á kaupmætti íslensku krónunnar og öðrum orsökum sem valda röskun á bótagrundvellingum, ef þessi atriði virka ekki til breytinga á váttryggingarfjárhæð hins váttryggða.

## 16. gr. Fyrning

- 16.1 Kröfur sem rísa af váttryggingarsamningum fyrnast á 10 árum frá lokum þess almanaksárs þegar sá er kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á. Kröfur vegna váttryggingarinnar fyrnast þó í síðasta lagi á 20 árum eftir lok þess almanaksárs sem váttryggingaratburðurinn varð.
- 16.2 Aðrar kröfur sem tengjast váttryggingarsamningi, svo sem krafa um iðgjald, fyrnast eftir hinum almennu reglum laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007.

## 17. gr. Ágreiningur um bótaskyldu

- 17.1 Með frágangi formlegs málskots og greiðslu málskotsgjalds er unnt að leggja ágreining um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004, fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sem vísuð er hjá Fjármálaeftirlitinu. Upplýsingar um nefnd þessa og starfshætti þeirra veitir Fjármálaeftirlitið.
- 17.2 Þjónusta nefndarinnar eða málskot til hennar skerðir ekki rétt hlutaðeigandi til að leggja málið fyrir almenna dómstóla hér á landi.

## 18. gr. Frestur til lögfræðilegra aðgerða

Hafni félagið kröfu um bætur í heild eða að hluta glatar sá sem telur sig eiga rétt til bóta þeim rétti, ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd skv. 141. gr. innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um höfnunina frá félaginu, sbr. 2. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004.

## 19. gr. Málsmeðferð

Mál sem kunna að rísa vegna váttryggingar þessarar skulu rekin fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

**20. gr. Lög um váttryggingasamninga**

Að öðru leyti en hér kemur fram gilda um váttryggingasamninginn lög nr. 30/2004 um váttryggingasamninga.

**21. gr. Þagnarskylda og persónuvernd**

- 21.1 Félagið og starfsfólk þess fer með upplýsingar um váttrygginguna sem trúnaðarmál og er bundið af reglum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
- 21.2 Félagið notar þær persónuupplýsingar sem aflað er vegna váttryggingar þessarar aðeins við mat á váttryggingarbeiðnum, í því skyni að meta þörf á váttryggingarvernd og veita váttryggingartaka ráðgjöf um val á váttryggingum, við afgreiðslu bótaskrafa, upplýsingagjöf til váttryggingartaka og við aðra eðlilega starfsemi félagsins.
- 21.3 Félagið leggur ríka áherslu á öryggi og trúnað við meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar um viðskiptavini félagsins eru ekki afhentar þriðja manni nema samkvæmt skýru umboði, lögum eða dómsúrskurði.

**Váttryggingaskilmálar þessir gilda frá 13.03.2017**